

Þríhyrningur

Þríhyrningur er 678 metrar á hæð og útsýni mjög gott til allra átta þaðan. Fjallið dregur nafn sitt af þremur hornum og á milli þeirra er dalur sem heitir Flosadalur. Segir í Njáls sögu að þar hafi Flosi á Svínafelli og brennumenn falið sig eftir Njálsbrennuna. Í fjallinu framanverðu eru tvö hamragil, Katrínargil og Tómagil. Þríhyrningur er í um 18 km fjarlægð frá Hvolsvelli og hefur gönguleið á fjallið verið stikuð. Fljótshlíðarvegurinn (261) er ekinn að Tumastöðum en þar er keyrt upp þangað til komið er að Fiská. Hjá Fiská er svo beygt til hægri upp á grasbala og hefst gangan þaðan, upp á fjallið að suð-vestan. Eðlilegt er að gefa sér tvo til þrjá tíma í fjallgönguna. Þríhyrningur er 12.000 ára gamall.

